

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Þorbjargar Þorkeldsdóttur, 199 keldsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. desember 1961. 4. des.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorbjargar Þorkeldsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þorbjargar Þorkeldsdóttur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að prýða borð við messugerð á Laugarvatni og síðar að skrýða altari, þegar kapella eða kirkja hefur verið reist þar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag kennara á Laugarvatni, kvenna í Laugardal og annarra manna, þ. e. fjárhæð sú, sem geymd er í sparisjóðsbók nr. 93796 í Landsbanka Íslands kr. 17851.14.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög einstaklinga, svo og annað það fé eða fjármunir, sem sjóðnum kann að áskotnast eða stjórn sjóðsins aflar á einn eða annan hátt.

5. gr.

Eftir árslok 1962 má verja vöxtum 1962, svo og því fé, sem til sjóðsins féll það ár, en úr því $\frac{3}{4}$ vaxta og helmingi annarra árstekna sjóðsins til þess að fullnægja ákvæðum 2. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Forstöðukona Húsmæðraskóla Suðurlands að Laugarvatni, formaður, einn kosinn af kvenfélagi í Laugardal, ef til er, annars kosinn af konum í Laugardal og Þórður Kristleifsson, menntaskólakennari, meðan hann er búsettur á Laugarvatni, en eftir það skólastjóri héraðsskólans.

7. gr.

Endurskoðendur reikninga héraðsskólans á Laugarvatni endurskoði einnig reikninga þessa minningarsjóðs.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar á Lyfsöluskrá I frá 1. september 1959.

Frá og með 15. desember 1961 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á Lyfsöluskrá I frá 1. september 1959.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. desember 1961.

F. h. r.

Baldur Möller.

Eliás Eliasson.

200

11. des.